



# ÁRSSKÝRSLA 2013

Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Dalbúa



*Bjarni í Miðdal svífur yfir golfvöllinum*

## Ágætis árangur

Starf klúbbsins fór að mestu fram samkvæmt venju þótt vætutið hafi eitthvað dregið úr aðsókninni á völinn. Vinnudagur var haldinn um vorið eins og alltaf og mætti vaskur hópur til verka. Stórir nýjir teigar voru gerðir á 7. braut sem eiga eftir að gera brautina enn fallegri. Einnig var glompa kláruð á 3. braut ásamt snyrtingu í kringum flöt. Að öðru leyti voru framkvæmdir í lágmarki og aðallaega hugsað um að halda völinum aðlaðandi.

Stefnt er að auknum framkvæmdum á næsta ári t.d með betri merkingum, stækkun teiga og tjarnargerð við 9. flöt.



*Guðmundur við kynningarbásinn!*

Þann 21. maí barst stjórninni sú frétt að Stefán B. Guðmundsson stjórnarmaður til margra ára hefði látist á Landspítalnum. Stefán vann ötullega að öllum málum er klúbbinn varðar og var okkur öllum mjög brugðið við þessar fréttir. (sjá minningargrein á heimasíðu)

Stjórn Dalbúa 2013 var skipuð sem hér segir:


Páll Þórir Ólafsson, formaður.  
Hafsteinn Daníelsson, varaformaður.  
Ómar Þórðarson, gjaldkeri.  
Halldór Snæland, ritari.  
Bragi Dór Hafþórsson, meðstjórnandi.  
Ptefán Ó. Guðmundsson, meðstjórnandi.  
Guðmundur H. Sigmundsson, varamaður.  
Hörður Bergsteinsson, varamaður.

Formenn nefnda:

Forgjafarnefnd: Hafþór B. Guðmundsson.  
Mótanefnd: Sigurður Orri Hafþórsson.  
Vallarnefnd: Sæmundur Árnason.  
Unglinganefnd: Hafþór B. Guðmundsson.  
Aganefnd: Stefán Ó. Guðmundsson.  
Húsnefnd: Hafsteinn Daníelsson.  
Samstarfsnefnd: Páll Þórir Ólafsson.

|                           | 2006 | 2007  | 2008   | 2009   | 2010    | 2011   | 2012  | 2013   |
|---------------------------|------|-------|--------|--------|---------|--------|-------|--------|
| maí                       | 26   | 263   | 243    | 395    | 469     | 104    | 452   | 198    |
| júní                      | 550  | 716   | 1023   | 1138   | 904     | 895    | 952   | 969    |
| júlí                      | 1177 | 1145  | 1361   | 1690   | 1626    | 1459   | 1282  | 1226   |
| ágúst                     | 969  | 758   | 1179   | 1027   | 744     | 845    | 917   | 907    |
| september                 | 368  | 228   | 156    | 269    | 210     | 395    | 347   | 333    |
| Samanlagt                 | 3090 | 3110  | 3962   | 4519   | 3953    | 3698   | 3950  | 3633   |
| Heildarbreyting milli ára |      | 0.65% | 27.40% | 14.06% | -12.52% | -6.45% | 6.81% | -8.03% |

## Aðsóknartölur árin 2006-2013





## Skýrsla rekstraraðila Golfklúbbs Dalbúa fyrir sumarið 2013.

### Til stjórnar Golfklúbbs Dalbúa:

#### **Völlurinn:**

Það voraði seint og var snjór á vellinum fyrstu viku maí, áburðagjöf, völtun vallarins oph. var lokið um miðjan maí, hlýindi með vætu gerðu völlinn fljótlega gróin og fallegann. Sumarið einkenndist af mikilli vætutíð og fremur leiðinlegu veðri til útivistar en seinastu viku júlí og fram yfir miðjan ágúst var hlýtt og gott veður og góð aðsókn á völlinn sem þá var einstaklega vel gróinn og fallegur, síðan lagðist í rigningartíð fram í september þannig að yfir heildina var aðsókn minni en undanfarin sumur og mun færri ófélagsbundnir að kaupa sig inn á völlinn, færri smámót en þó viðunandi.

Kynning var á Golfklúbbi Dalbúa í Kringunni 31. maí – 2. júní, bæklingar, myndasýning ofl.

Vökvunarkerfið góða þurfti ekki að nota nema nokkra daga í byrjun ágúst. Flatirnar voru grófgataðar haustið áður og ekki hreinsaðar fyrr en í byrjun maí sem gerði þeim gott. Brautir voru gróskumiklar og sást góður árangur af lífrænni áburðardreifingi frá árinu áður einkum á brautum 3. 4. 5. og 6. Karginn var sleginn nokkuð snögg og vel útfyrir brautir. Æfingarsvæðið er blautt og þyrfti að ræsa út annars brúklegt en ekki mikið notað.

Í heild fengum við þau skilaboð frá spilurum að völlurinn væri góður, fjölskylduvænn, vel snyrtur og fallegur á að líta.

#### **Framkvæmdir:**

Nýir teigar á 7. braut voru valtaðir, sandaðir og tyrfðir á vinnudegi 18. maí og teknir í notkun í lok júní, stórir og fallegir teigar 120 + 180fm, einnig var á vinnudegi unnið við glompu á 3. braut, (dúkur, sandur og kanthlaðið), rusl tínt af velli og snyrt eftir veturinn. Aðrar framkvæmdir voru alment viðhald á velli einkum braut 3 sem kom skemmtilega inn í sumar.

#### **Sláttur:**

Sláttur hófst um miðjan maí á brautum, flötum og teigum, slegið var eftir þörfum en vegna sprettunar þurftu slátturvélar að vera í gangi meir og oftar en í meðal ári og þurfti að sæta lagi á hvaða tíma sólhrings sem var ef þornaði á, þegar kom fram í júní og fram yfir miðjan ágúst var slegið 2-3 x í viku brautir og flatir en teigar 1-2 x í viku. Meiri vinna lögð í snyrtingu td. við tré úti á velli ofl.

Slátturhæð stillt niður um miðjan júlí en hækkuð aftur á brautar og flatar vélum um miðjan. ágúst. Síðasti sláttur var 21. september..

#### **Áburður:**

Byrjað var að bera áburð á flatir og teiga og brautir um miðjan maí 0.6 tonn: Opti Vekst 6-5-20 og NPK 17-5-13 + Arena-Start á teiga og flatir, seint í júlí var borið á flatir, teiga og brautir sami skamtur. Síðasta áburðargjöfin var Höst-Extra á flatir og teiga í sept. Áburður var að öðru leiti borinn á eftir þörfum á flatir og teiga oft á sumri. Samtals áburðarnotkun um 2, tonn + 600kg af Arena-Start, Green og Höst fyrir flatir og teiga.

**Fræ:**

Flatarblanda 200kg. + 130 kg brautarblanda, dreift öðru hvoru allt sumarið á flatir og teiga og til viðgerðar með sandi og leir á teiga, einnig á brautir þar sem voru skemmdir eða þörf á. Grundir í aðgerð fengu fræ og áburð 2x í sumar einnig sett vel af fræi og áburði á nýja braut og flöt á 3. braut, teiga á 1. 4. og 7. brautum.

**Vökvun:**

Vökvunarkerfið er orðið mjög gott en lítið reyndi á það í sumar vegna rigningartíðar. Vatnsþrýstingur góður og öll kerfi geta unnið samtímis á öllum flötum og víðar. Vatn tæmt af kerfinu í lok september.

**Verticuttað og sandað:**

Allar flatir voru grófgataðar í október haustið áður og léku vatn og frost um flatirnar um veturinn í maí voru flatirnar sandaðar og mikið fræ og áburður sett í þær og því haldið áfram um sumarið og reyndist það vel.

**Vélar og tæki:**

Rekstraraðili á öll tæki, slátturvélar (brautarvél, flatarvél, þyrluslátturvél f. traktor) traktor, kerrur ofl. einnig orf og önnur smáverkfæri. FBM lánar karga slátturvél (Jakobsen) til klúbbsins. Valtari, áburðardreifari, verticuttvél, götunarvél ofl. voru leigðar á kostnað rekstraraðila. Golfbíll í eigu 3. félaga var og verður á vellinum til leigu fyrir vallargesti og setur hann svip á völlinn.

**Golfskáli:**

Skálinn er í góðu standi og fallegur síðan hann var málaður og með nýjum húsgögnum frá sumrinu 2012. Á pallinum við skálann var samkomutjald sem tekur um 80 manns í sæti og var það notað við ýmsar upptakomur klúbbfélaga geta notað sér það á ýmsan hátt ma. til einkasamkvæma og grillið er frábært.

**Skemma:**

Skemman 80 ferm. upphituð véla og verkfæra skemma í henni eru nú geymd öll tæki og tól ásamt vökvunartækjum, bekkjum, ruslatunnum ofl. sem biða vorsins. Skemman er eign FBM, rekstraraðili leigir.

**Gróður og snyrting:**

Haldið var áfram að gróðursetja og snyrta bæði við nágrenni golfskálans og úti á velli, nokkrir félagar komu með tré úr sínu landi og settu niður og er það til fyrirmyndar.

**Samantekt:**

Í heild erum við rekstraraðilar sátt við rekstur sumarsins þrátt fyrir leiðinda veðurfar. Ánægjulegt er hvað ákveðinn kjarni félagsmanna er tilbúinn að mæta og vinna við framkvæmdir á vegum klúbbsins við lagfæringar á vellinum, skálanum, gróðursetningu ofl. Þrír starfsmenn unnu við völlinn í sumar ásamt nokkrum íhlaupa mönnum sem kallaðir voru til þegar álagið var mikið en það var oft því grasið spratt og þurfti að slá þó svo engin golfari væri að slá í rigningunni.

Að kynnast öllu því skemmtilega fólki sem heimsótti okkur á völlinn í sumar gaf okkur gleði og ánægju. Við þökkum stjórn klúbbsins ásamt nefndarfólki, öllum klúbbfélögum og styrktaraðilum fyrir sumarið og góða viðkynningu, sjáumst marga næsta vor.

Reykjavík. 25. nóvember 2013.

Með bestu kveðju.

Guðmundur H. Sigmundsson. og Ragnhildur (Ransý) Bender.



## Skýrsla mótanefndar 2013

Á aðalfundi síðasta árs var Sigurður Orri Hafþórsson skipaður formaður mótanefndar en honum til halds og trausts var bróðir hans, Bragi Dór. Mótahald hefur verið í nokkuð föstum skorðum síðustu sumur og síðastliðið keppnistímabil var engin undantekning. Síðustu sumur hefur veður verið með eindæmum gott í Laugardal en svo var ekki að þessu sinni og það golfklúbburinn fann fyrir því, bæði í skráningu á mótum en einnig í almennri spilamennsku að einhverju leyti.

Haldin voru sex almenn mót á tímabilinu en auk þeirra var svo venju samkvæmt helgarmótaröðin Draumur Dalbúans. Tillaga að mótaskrá sumarsins var sett upp og send stjórninni en tillagan mæltist vel fyrir. Mótaskráin riðlaðist að vísu með einhverjum hætti en hætt var, líkt og á síðasta ári, við Dalbúamótið í holukeppni og einnig var ákveðið að fresta Opna Fontana mótinu vegna dræmrar skráningar.

Úrslit móta á vegum GD sumarið 2013 voru sem hér segir:

### 8. júní: MBT/Veggsport mótið

Veggsportmótið 2013 fór fram laugardaginn 8. júní í þokkalegu veðri og tóku 20 manns þátt. Úrslitin voru svo jöfn að reikna þurfti betra skor á síðustu holunum fyrir 2.-3. sæti karla og öll sætin hjá konunum. Einnig voru veitt verðlaun fyrir næst holu á 5. og 8. braut ásamt því að veita verðlaun fyrir lengsta teighögg kvenna og karla á 3. braut.

Glæsileg verðlaun voru afhent af Hafsteini Daníelssyni sem stóð fyrir mótinu og voru keppendur ánægðir með mótið.

| Sæti          | Nafn                       | Högg |
|---------------|----------------------------|------|
| <b>KARLAR</b> |                            |      |
| 1             | Freyr Marínó Valgarðsson   | 78   |
| 2             | Páll Þórir Ólafsson        | 80   |
| 3             | Ólafur Bergmann Bjarnason  | 80   |
| <b>KONUR</b>  |                            |      |
| 1             | Ingrid Maria Svensson      | 84   |
| 2             | Edda Valsdóttir            | 84   |
| 3             | Sybil Gréta Kristinsdóttir | 84   |

Að auki hlutu Erla Pétursdóttir og Örn Ólafsson verðlaun fyrir lengsta teighögg kvenna og karla og næstur holu í báðum tilfellum var Ísleifur Leifsson, 5,06 metra á 5. holu og 8,81 metra á þeirri áttundu.

### 13./14. Júlí: Meistaramót GD

Mótið var haldið í köldu, en sæmilegu veðri og 30 keppendur höfðu skráð sig til leiks. Veðurspáin lofaði reyndar ekki góðu en mótanefnd þótti markvert og jafnframt skondið að einungis voru tveir af þeim 30 sem skráðu sig sem mættu ekki til leiks, en þeir eiga báðir heima á Laugarvatni.

#### Högggleikur með forgjöf:

Karlar

1. sæti – Elías Björgvin Sigurðsson á 153 höggum brúttó, 137 höggum nettó eða 5 undir forgjöf
2. sæti – Kristófer Dagur Sigurðsson á 159 höggum brúttó eða 149 nettó
3. sæti – Sigurjón Guðmundsson á 160 höggum brúttó eða 150 nettó

Konur

1. sæti – Sigrún María Ingimundardóttir á 192 höggum brúttó eða 164 höggum nettó
2. sæti – Hafdís Ingimundardóttir á 205 höggum brúttó eða 171 höggi nettó
3. sæti – Guðrún Másdóttir á 232 höggum brúttó eða 174 höggum nettó

Högggleikur án forgjafar:

Meistaraflokkur karla:

1. sæti – Elías Björgvin Sigurðsson – 153 högg. 78 högg fyrri dag og 75 högg seinni dag.
2. sæti – Kristófer Dagur Sigurðsson – 159 högg. 84 högg fyrri dag og 75 högg seinni dag.
3. sæti – Sigurjón Guðmundsson – 160 högg. 83 högg fyrri dag og 77 högg seinni dag.

Meistaraflokkur kvenna:

1. sæti – Sigrún María Ingimundardóttir – 192 högg, 98 högg fyrri dag og 94 högg seinni dag.
2. sæti – Hafdís Ingimundardóttir – 205 högg. 111 högg fyrri dag og 94 högg seinni dag.
3. sæti – Kristín Þórisdóttir – 222 högg. 103 högg fyrri dag og 119 högg seinni dag.

1. flokkur karla:

1. sæti – Þórir Baldur Guðmundsson – 191 högg, 101 högg fyrri dag og 90 högg seinni dag
2. sæti – Gunnar Heimir Ragnarsson – 208 högg. 106 högg fyrri dag og 102 högg seinni dag.
3. sæti – Guðmundur Sveinn Hafþórsson – 213 högg. 107 högg fyrri dag og 106 högg seinni dag.

Næst holu á 5/14 braut: Bragi Arnarson

Næst holu á 8/17 braut: Örn Ólafsson

### 17. ágúst: Styrktarmót Símans

Mótið var haldið í ágætu veðri og 54 höfðu skráð sig til leiks, enda verðlaunin ekki af verri endanum: Samsung Galaxy SIII mini snjallsími í fyrstu verðlaun! Í fyrsta skipti í sögu GD, að mótanefnd vitandi, var spilað Chapman fyrirkomulag en það mældist mjög vel fyrir.

1. Bragi Dór og Sigurður Orri Hafþórssynir – 80 högg, 69 nettó.
2. Gunnar Heimir Ragnarsson og Edda Valsdóttir – 93 högg, 73 nettó.
3. Óskar Svavarsson og Anna Sigríður Erlingsdóttir – 87 högg, 74 nettó.

5. Hla – Jón Ævar Erlingsson – 4,57 m

8. Hla – Helgi Runólfsson – 38 cm

Lengstu dræv

KK. Helgi Runólfsson

KVK. Þórunn Día Óskarsdóttir

### 31. ágúst: Opna Laugarvatn Fontana mótið

Opna Laugarvatn Fontana mótið fór fram þann 31. ágúst og þótt að það hafi verið ansi hvasst á köflum skein sólin mest allan tímann.

Völlurinn var fallegur og allir skemmtu sér konunglega, en keppt var í punktakeppni með forgjöf. Við þökkum þeim sem tóku þátt og ekki síst stuðning FONTANA við þetta fyrsta mót sem haldið er í þeirra nafni.

#### Karlar

1. sæti: Sigurður Orri Hafþórsson á 33 punktum
2. sæti: Páll Þórir Pálsson Sr. á 31 punkti
3. sæti: Örn Ólafsson á 30 punktum.

Örn og Gunnar Eiríksson voru báðir með 30 punkta en Örn hafði betur á seinni níu holunum, með 16 punkta, en Gunnar með 13 punkta

#### Konur

1. sæti: Guðrún Viktorsdóttir á 24 punktum
2. sæti: Elín B. Haraldsdóttir á 21 punkti
3. sæti: Guðríður Pálsdóttir á 20 punktum

#### Lengsta högg á 7. braut

Karlar: Hafsteinn Danielsson

Konur: Guðrún Viktorsdóttir

#### Næst holu á 5. braut

Guðrún Viktorsdóttir 8,30 metra frá

#### Næst holu á 8. braut

Viktor Guðbjörnsson 5,07

### 14. September: Lindarmótið

Venju samkvæmt var Lindarmótið síðasta mót Golfklúbbs Dalbúa á árinu. Veðurútlit var ekki gott framan af en skánaði þó þegar leið á daginn. Eins og áður var Texas Scramble fyrirkomulag á mótinu.

1. sæti: Vatnaboltinn – Bragi Dór Hafþórsson og Sigurður Orri Hafþórsson – 72 brúttó – 67 nettó
2. sæti: Jagermeister 4 – Sighvatur Bjarnason og Páll Kristján Pálsson – 74 brúttó – 68 nettó – betri á seinni 9
3. Sæti: Synir – Gestur Gunnarsson og Jón Gunnarsson – 70 brúttó – 68 nettó

Næst holu á 5 braut – Anna Día – 6,00 m

Næst holu á 8 braut – Páll Ólafsson – 1,97 m

Lengsta teighögg karla – Sigurður Orri

Lengsta teighögg kvenna – Þórunn Reynisdóttir

---

## Eftirmáli

Það er mál mótanefndar að sumarið hafi tekist nokkuð vel upp hvað golfmótið varðar. Það er ósk hans fyrir næsta sumar að Dalbúi kýli núna almennilega á það að halda Dalbúamót í holukeppni en slíkt væri skemmtileg nýbreytni fyrir félaga klúbbsins.

Golf.is hefur upp á að bjóða tölfræði sem sýnir að á fimm mótum GD í sumar voru skráðir alls 107 karlkyns keppendur og 45 kvenkyns keppendur. Það sýnir að á hverju móti voru að meðaltali 30 keppendur á hverju móti, 21 karlkyns, en einungis 9 kvenkyns. Það er mikil miður að ekki skuli fleiri kvenkyns keppendur sjá sér fært að mæta á mótið hjá okkur og við hvetjum eindregið, og skorum á, alla þá kvenkyns keppendur sem sveifla getað kylfu að mæta á mótið sem haldin verða sumarið 2014. Augljóst er að ekki er hægt að halda uppi heilum verðlaunaflokki fyrir kvenkyns keppendur þegar mætingin er svona dræm, sér í lagi þegar punktakerfi íþróttarinnar býður upp á að spilað sé og keppt í kynjablönduðum flokki. Ef sú stefna yrði tekin upp að bjóða einungis upp á þrjú verðlaunasæti í punktakeppnum í blönduðum flokki á mótum framvegis yrði keppnin vissulega harðari, en verðlaunin gætu þá að sama skapi verið betri og flottari. Það er hins vegar mál formanns mótanefndar að sú stefna ætti að forðast í lengstu lög. Að lokum er vert að minna á að öll úrslit í skráðum mótum klúbbsins í sumar er síðan hægt að nálgast á vefnum [www.golf.is](http://www.golf.is)

Með kærum þökkum fyrir liðið sumar, mótanefnd



## Skýrsla vallarnefndar 2013

Hefðbundinn vinnudagur GD var haldin í byrjun maí. Að venju mætti öflugt vinnulið enda nóg að gera. Byrjað var á nýju teigunum á sjöundu braut. Gerðir voru stórir og myndalegir karla og kvenna teigar sem koma til með að breyta og lengja brautina töluvert. Svo var grastorf sett á og allt gert klárt fyrir sumarið. Nýja flötin á þriðju braut var formlega kláruð. Settur var hvítur sandur í gryfjuna, hlaðinn torfveggur og skemmdir á grasi voru lagfærðar. Klúbburinn átti ennþá eftir slatta af trjám frá árinu áður sem sett voru niður á góða og velvalda staði. Að öðru leiti var vellinum vel við haldið yfir sumarið og hefur sjaldan verið betri.

f.h. Sæmundar Árnasonar  
form. vallarnefndar  
Hafsteinn Daníelsson



## Skýrsla húsanefndar 2013

Eftir miklar og góðar framkvæmdir á klúbbhúsi GD sumarið 2012 þá var heldur rólegt yfir öllum framkvæmdum þetta sumarið. Ekki var farið í nein ákveðin verkefni heldur var húsið lagfært eftir þörfum. Þó voru rennurnar lagfærðar og ný trappa var smíðuð upp á pallinn. Eins voru tré og runnar gróðusett í kringum húsið. Klúbbhús GD lítur vel út en þó eru fyrirhugaðar einhverjar framkvæmdir innanhús á næsta ári.


Hafsteinn Daníelsson  
formaður húsanefndar.



## Rekstrarreikningur 16/10 2012 - 15/10 2013

| <b>Rekstrartekjur</b>                                 |            | <b>2013</b>      | <b>2012</b>      |
|-------------------------------------------------------|------------|------------------|------------------|
| Félagsgjöld .....                                     | Kr.        | 2.834.000        | 2.817.800        |
| Vallargjöld / Sumarkort .....                         | -          | 881.555          | 720.361          |
| Mótagjöld .....                                       | -          | 441.000          | 250.000          |
| Firmakeppni .....                                     | -          | 200.500          | 163.900          |
| Styrkir, auglýsingar .....                            | -          | 711.083          | 884.368          |
| Lottó / Getraunir .....                               | -          | 17.953           | 28.616           |
| Vaxtatekjur-fjármagnstekjuskattur .....               | -          | 3.856            | 3.598            |
| <b>Rekstrartekjur samtals</b>                         | <b>Kr.</b> | <b>5.089.947</b> | <b>4.868.643</b> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                  |            |                  |                  |
| Hlutur félagsgjalda til rekstraraðila-kostnaður ..... | Kr.        | 2.422.850        | 1.932.337        |
| Leiga v/golfskála .....                               | -          | 758.659          | 720.361          |
| Vélar og viðhald tækja .....                          | -          | 77.751           | 48.613           |
| Framkvæmdir við golfvöll .....                        | -          | 329.132          | 138.832          |
| Áburður .....                                         | -          | 32.003           | 28.945           |
| Rafmagn .....                                         | -          | 65.190           | 67.925           |
| Fasteignagjöld .....                                  | -          | 147.835          | 134.805          |
| Tryggingar .....                                      | -          | 81.931           | 79.532           |
| Skattur GSÍ / HSK .....                               | -          | 364.630          | 305.365          |
| Verðlaun .....                                        | -          | 30.620           | 40.000           |
| Ýmiss kostnaður .....                                 | -          | 126.064          | 406.247          |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður .....                    | -          | 24.270           | 12.596           |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>                          | <b>Kr.</b> | <b>4.479.132</b> | <b>3.915.558</b> |
| <b>Hagnaður ársins</b>                                | <b>Kr.</b> | <b>610.815</b>   | <b>953.085</b>   |

Ég undirritaður hef yfirfarið Ársreikning Golfklúbbsins Dalbúa fyrir tímabilið 16/10 2012 - 15/10 2013 og hef ekkert fundið athugavert og legg til að hann verði samþykktur.

  
 Jón Þ. Hilmarsson  
 endurskoðandi



## Efnahagsreikningur 15/10 2013

| Eignir                                      |            | 2013              | 2012              |
|---------------------------------------------|------------|-------------------|-------------------|
| <i>Varanlegir rekstrarfjármunir :</i>       |            |                   |                   |
| Áhöld og tæki .....                         | Kr.        | 712.727           | 712.727           |
| Bílastæði .....                             | -          | 200.000           | 200.000           |
| Golfvöllur .....                            | -          | 9.472.566         | 9.472.566         |
| Golfskáli .....                             | -          | 891.497           | 891.497           |
| <b>Varanlegir rekstrarfjármunir samtals</b> | <b>Kr.</b> | <b>11.276.790</b> | <b>11.276.790</b> |
| <i>Veltufjármunir :</i>                     |            |                   |                   |
| Bankareikningar .....                       | Kr.        | 235.600           | 67.001            |
| Skammtímakröfur :                           | -          |                   |                   |
| Viðskiptakröfur .....                       | -          | 979.266           | 585.050           |
| <b>Veltufjármunir samtals</b>               | <b>Kr.</b> | <b>1.214.866</b>  | <b>652.051</b>    |
| <b>Eignir alls</b>                          | <b>Kr.</b> | <b>12.491.656</b> | <b>11.928.841</b> |
| <b>Skuldir og eigið fé</b>                  |            | <b>2013</b>       | <b>2012</b>       |
| <i>Eigið fé :</i>                           |            |                   |                   |
| Óráðstafað eigið fé .....                   | Kr.        | 12.364.040        | 11.753.225        |
| <b>Eigið fé samtals</b>                     | <b>Kr.</b> | <b>12.364.040</b> | <b>11.753.225</b> |
| <i>Skammtímaskuldir :</i>                   |            |                   |                   |
| Ógreiddur kostnaður .....                   | Kr.        | 88.686            | 88.686            |
| Viðskiptaskuldir .....                      | -          | 38.930            | 86.930            |
| Hlaupareikningar .....                      | -          | 0                 | 0                 |
| <b>Skammtímaskuldir samtals</b>             | <b>Kr.</b> | <b>127.616</b>    | <b>175.616</b>    |
| <b>Skuldir og eigið fé</b>                  | <b>Kr.</b> | <b>12.491.656</b> | <b>11.928.841</b> |



## Áætlun 2014

|                                                 |            | Áætlun<br>2013   | Raun<br>2012     | Áætlun<br>2013   |
|-------------------------------------------------|------------|------------------|------------------|------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                           |            |                  |                  |                  |
| Félagsgjöld                                     | Kr.        | 2,975,000        | 2,834,000        | 2,800,000        |
| Vallargjöld / Sumarkort                         | -          | 900,000          | 881,555          | 750,000          |
| Mótagjöld                                       | -          | 300,000          | 441,000          | 250,000          |
| Firmakeppni                                     | -          | 200,000          | 200,500          | 175,000          |
| Styrkir, auglýsingar                            | -          | 800,000          | 711,083          | 750,000          |
| Lottó / Getraunir                               | -          | 20,000           | 17,953           | 30,000           |
| Vaxtatekjur-fjármagnstekjuskattur               | -          | 5,000            | 3,856            | 5,000            |
| <b>Rekstrartekjur samtals</b>                   | <b>Kr.</b> | <b>5,200,000</b> | <b>5,089,947</b> | <b>4,760,000</b> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                            |            |                  |                  |                  |
| Hlutur félagsgjalda til rekstraraðila-kostnaður | Kr.        | 2,528,750        | 2,422,850        | 2,000,000        |
| Leiga v/golfskála                               | -          | 780,000          | 758,659          | 750,000          |
| Vélar og viðhald tækja                          | -          | 65,000           | 77,751           | 50,000           |
| Framkvæmdir við golfvöll                        | -          | 400,000          | 329,132          | 100,000          |
| Árburður                                        | -          | 30,000           | 32,003           | 30,000           |
| Rafmagn                                         | -          | 70,000           | 65,190           | 70,000           |
| Fasteignagjöld                                  | -          | 150,000          | 147,835          | 140,000          |
| Rekstrarvörur                                   | -          | 18,000           | 18,197           | 0                |
| Tryggingar                                      | -          | 85,000           | 81,931           | 85,000           |
| Skattur GSÍ / HSK                               | -          | 365,000          | 364,630          | 350,000          |
| Verðlaun                                        | -          | 50,000           | 30,620           | 50,000           |
| Ýmiss kostnaður                                 | -          | 200,000          | 126,064          | 400,000          |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður                    | -          | 15,000           | 24,270           | 15,000           |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>                    | <b>Kr.</b> | <b>4,756,750</b> | <b>4,479,132</b> | <b>4,040,000</b> |
| <b>Hagnaður ársins</b>                          | <b>Kr.</b> | <b>443,250</b>   | <b>610,815</b>   | <b>720,000</b>   |